

3. Fundur Umhverfisnefndar SSNE

Teams fundur, mánudaginn 1. mars 2021, 11:00

Mætt: Salbjörg Matthíasdóttir, Guðmundur Sigurðarson, Rut Jónsdóttir, Sveinn Margeirsson, Sesselja Ingibjörg Barðdal Reynisdóttir, Ottó Elíasson og Silja Jóhannesdóttir starfsmaður nefndar.

Samþykkt var á fundi stjórnar SSNE, 13. Janúar 2021, að mynda Umhverfisnefnd SSNE þar sem sá málaflokkur kom inn nýr við gerð síðustu Sóknaráætlunar SSNE og er ein af þrem meginstoðum hennar.

Dagskrá

1. Fundargerð 2. fundar:

Allir í nefndinni munu kíkja á hana á Teams svæðinu og samþykkja eða koma með ábendingar. Silja sendir svo á stjórn.

2. Markmið í Sóknaráætlun- í gangi er uppfærsla á Sóknaráætlun SSNE.

Umræða um markmiðin- hvað ætlum við að gera?

Ætlum við að aðstoða ríkisstjórnina í sínum markmiðum skv. Parísarmarkmiðunum, hvaða tækifæri eru til í að nýta landið, hvernig getum við sem landshluti lagt okkar til- getum við lagt mikið til á einum stað og fengið afslátt á öðrum stað?

Hvar getum við verið í forystu, mikið landssvæði sem er í stakk búið til að taka við lífrænum massa til bindingar og líka landssvæði sem er í umdeilanlegu ástandi varðandi landnýtingu, og mikil losun sem hlýst af því. Þekkjum ekki tölurnar nákvæmlega en þær eru að koma fram.

Ættum að taka markmiðin eitt skref aftur á bak, skoða skuldbindingar Íslands, taka þær skuldbindingar og deila niður á landshlutann? Ættum ekki að hlutfallslega að matcha það sem á að gera per höfðatölu heldur að nýta þau tækifæri sem við eigum landinu og umhverfinu til heilla.

Töluleg markmið er erfitt að setja fram í loftlagsmálum núna því við erum ekki með tölur fyrir landshlutann.

Fyrir árslok 2021 ætlum við að skilja raunverulega losun landshlutans.

Júní 2022 liggi fyrir aðgerðaráætlun til að ná því markmiði og í henni markmið mælanleg til 2027.

Ýta undir frumkvæði sveitarfélaga og þjónustuaðila varðandi þessi mál.

Það að bíða eftir stefnumörkun ríkisins gæti tekið rosa langan tíma, verður að horfa til þess.

Silja setur inn innlegg á Teams varðandi þessa umræðu og nefndin tekur þátt þar í umræðunni.

Meðferð úrgangs- byggja á skýrslu frá 2018, sjá inn á svæði.

Fara í nærumhverfið og upplýsa alla opinbera aðila í því að kaupa lókalt en það þarf að skoða það heildrænt. Uppruni matvælna skiptir líka máli.

3. Umræða um vinnustofuna og fræðsluna sem ákveðin voru á síðasta fundi.

Hluti áherslupeningana verði nýttir í þau verkefni sem lýst er hér fyrir neðan. Sveitarfélögin þurfa að læra á „DK kerfið“ í losunarbókhalduinu. Komast að því hver endaafurðin verður hjá

Sambandi íslenskra sveitarfélaga og koma því áfram. Tryggja að sveitarfélögin nái því markmiði að þau nái að skila bókhaldinu fyrir árslok.

Athugasemd: er rétt að láta sveitarfélög taki úr sínu bókhaldi yfir í annað bókhald? Ætti ekki að aðlaga kerfin sem eru núna í virkni til að geta sinnt þessu?

Bókað af fundi nr. 2.

„Nefndin sammála að fara fram með tvær aðgerðir:

1. Skapa umræðuvettvang fyrir loftlagsstefnuna. Formenn nefnda í sveitarfélögum sem hafa með þessi mál að gera, umhverfisstjórar og framkvæmdastjórar. Fá kynningar frá Environice eða öðrum landshlutasamtökum.
2. Vinnustofa með umhverfisstjórum/framkvæmdastjórum sveitarfélaga. Skoða Environice eða Andrými í það. Silja fer í það að kalla saman í vinnustofu tengda loftlagsmálum, skoða þetta með Andrými eða öðrum sérfræðingum. Hvað vilja sveitarfélögin, hvað eru sveitarfélög að gera og hvað þarf til framtíðar. Hafa augun á markmiðinu. Biðja um einstaklingana innan stjórnsýslunnar sem hafa áhugann og viljann.“

Önnur mál

- **Líforkuverið**- verður kynnt líklega 12. mars
- **Plastið og framtíðin**- gekk vel. Verður sett á netið. Guðmundur og Silja að útbúa bréf til að senda á stjórn SSNE drögum að bréfi til Úrvinnslusjóðs varðandi ákveðna þætti til að ýta á í tengslum við hann. T.d. niðurgreiðsla flutnings á plasti
 - **Hugmynd:** fá nemenda í mastersnámi, hvernig lögum við virðisdeðu plasts?
- **Skógræktarverkefni varðandi skógrækt og kolefnisbindingu. Rannsóknarverkefni.** Salbjörg skoðar þetta betur. Á fund á miðvikudaginn varðandi þetta og henni verður líklega bætt í teymið sem er að vinna að þessu.

Næstu skref:

- Tala við Birgittu hjá UST um hvaða gögn verða aðgengileg- athugasemd frá Rut um að tölur frá þeim varðandi úrgang rýma ekki við gögn frá Akureyrarbæ. Akureyrarbær hefur horft á tölur frá Terra en ekki UST.
- Fá þjónustuaðilana til samtals við okkur varðandi úrgangsmál
- Silja sendir doodle link fyrir næsta fund.

Fundi lokið 12:11